

Priðjudaginn 27. september 1994.

Nr. 368/1994.

Kaupfélag Húnvetninga

(Steingrímur Þormóðsson hrl.)

gegn

Höfðahreppi

(Viðar Már Matthíasson hrl.)

Kærumál. Res judicata.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnlaugur Claessen og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili hefur með heimild í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 10. ágúst 1994, sem barst réttinum 29. sama mánaðar. Hann krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnislegrar úrlausnar. Þá krefst hann kærumálskostnaðar. Til vara krefst sóknaraðili þess, að dæmdur málskostnaður í héraði verði felldur niður eða lækkaður verulega.

Varnaraðili krefst staðfestingar á úrskurði héraðsdóms og kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili byggir kröfugerð sína í þessu máli ekki á öðrum málsástæðum en hann bar fyrir sig eða gat komið að í hinu fyrra máli. Með skírskotun til þess og forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðili skal greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Kaupfélag Húnvetninga, greiði varnaraðila, Höfðahreppi, 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands vestra 13. júlí 1994.

I.

Ár 1994, miðvikudaginn 13. júlí, er á dómþingi Héraðsdóms Norðurlands vestra, sem háð er af Halldóri Halldórssyni héraðsdómara í réttarsal dóms-

ins að Skagfirðingabraut 21, Sauðárkróki, kveðinn upp úrskurður í héraðsdómsmálinu nr. E-31/1994: Kaupfélag Húnavetninga gegn Höfðahreppi.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi um fram komna frávísunarkröfu stefnda, Höfðahrepps, 23. júní sl., höfðaði Kaupfélag Húnavetninga, kt. 680169-6329, Blönduósi, gegn Höfðahreppi, kt. 651669-6039, Skagaströnd, með stefnu, birtri 26. apríl sl.

Dómkröfur stefnanda.

Stefnandi krefst þess aðallega, að stefnda verði gert að greiða sér 2.961.566,63 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 21. febrúar 1993 til greiðsludags. Til vara krefst stefnandi þess, að stefnda verði gert að greiða sér 1.815.266,37 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 10. september 1993 til greiðsludags. Til þrautavara er krafist, að stefnda verði gert að greiða stefnanda 1.100.974,97 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 21. febrúar 1993 til greiðsludags, til þrautaprautavara, að stefnda verði gert að greiða honum 728.098,26 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. september 1987 til greiðsludags að frádregnum 41.086 kr. 7. desember 1987, og loks til þrautaprautaprautavara, að stefnda verði gert að greiða honum 700.000 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 30. júní 1987 til greiðsludags að frádregnum 41.086 kr. 7. desember 1987.

Þá krefst stefnandi þess í öllum tilfellum, að stefnda verði gert að greiða sér 449.687 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 1. september 1993 til greiðsludags.

Loks krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Dómkröfur stefnda.

Stefndi krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Í báðum tilfellum krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi og að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu stefnda til að greiða virðisaukaskatt á málflutningsþóknun.

IV.

Forsendur og niðurstaða.

Í þessum þætti málsins er deilt um, hvort umfjöllun héraðsdóms og Hæstaréttar um þrautavarakröfu stefnanda í aukadómpingsmáli Húna-

vatnssýslu nr. 41/1989 og Hæstaréttarmáli nr. 78/1990 hafi res judicata-áhrif á skaðabótakröfu stefnanda í máli þessu.

Í aukadómþingsmálinu gerði stefnandi í aðalatriðum svofelldar kröfur á hendur stefnda: Aðallega, að stefnda verði gert að greiða stefnanda 734.687 kr. ásamt nánar greindum dráttarvöxtum, til vara, að viðurkennt verði með dómi, að sveitarsjóður Höfðahrepps, Austur-Húnavatnssýslu, og Höfðahreppur beri einfalda ábyrgð á skuld Mánavarar hf. við stefnanda í máli þessu skv. skuldabréfi, útg. 30. júní 1987 af Mánavör hf. til stefnanda, að nafnverði 700.000 kr., – til þrautavara, að viðurkennt verði með dómi, að stefndi beri húsbóndaábyrgð á því tjóni, sem stefnandi varð fyrir með því að treysta því, að sveitarsjóður Höfðahrepps, Austur-Húnavatnssýslu, bæri ábyrgð á láni stefnanda til Mánavarar hf. skv. áður tilvitnuðu skuldabréfi.

Héraðsdómari hafnaði aðalkröfu stefnanda, tók varakröfu hans til greina, og loks sýknaði dómariinn stefnda af þrautavarakröfunni.

Í dómi Hæstaréttar frá 21. janúar 1993 kom varakrafa stefnda (stefnanda í héraði) einungis til álita, þar sem málinu var ekki gagnáfrýjað af hálfu stefnda (stefnanda í héraði). Í dómi Hæstaréttar var stefnandi (stefndi í héraði) sýknaður af varakröfu stefnda (stefnanda í héraði).

Í dóminum gerir Hæstiréttur athugasemdir við umfjöllun héraðsdómara um þrautavarakröfu stefnanda í héraði með þessum orðum: „Það athugast, að eigi voru efni til þess, að héraðsdómari fjallaði efnislega um þrautavarakröfur stefnanda, eftir að hafa tekið varakröfu hans til greina.“

Ekki verður talið, að Hæstiréttur hafi með þessum athugasemdum ómerkt umfjöllun héraðsdóms um þrautavarakröfu stefnanda.

Þar sem þrautavarakrafa stefnanda var hluti af kröfugerð hans í héraði og í ljósi ummæla Hæstaréttar um þrautavarakröfuna, er ekki unnt að fallast á með stefnanda, að héraðsdómari hafi í hinu fyrra máli farið út fyrir kröfur hans í því máli með því að fjalla um þrautavarakröfuna, þrátt fyrir það að ekki hafi verið tilefni til þess, eftir að varakrafan hafði verið tekin til greina.

Með því að stefnandi gagnáfrýjaði ekki málinu, ber að fallast á með stefnda, að efnisleg niðurstaða héraðsdóms varðandi skaðabótakröfu stefnanda standi óhögguð, og getur stefnandi því ekki nú höfðað nýtt mál á hendur stefnda á grundvelli sömu málsástæðu eða annarra, sem hann mátti koma að í hinu upphaflega máli. Ber því samkvæmt reglum um res judicata, sbr. 116. gr. einkamálalaga nr. 91/1991, að vísa máli þessu frá dómi ex officio.

Með hliðsjón af niðurstöðu málsins ber að dæma stefnanda til að greiða málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 150.000 kr., og hefur þá ekki verið tekið tillit til skyldu stefnanda að greiða virðisaukaskatt af málflutningsþóknun.

1758

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Stefnandi, Kaupfélag Húnvetninga, greiði stefnda, Höfðahreppi,
150.000 kr. í málskostnað.
